

SIGURINN.

Norsk saga eftir Vetle Vislie.

Jón Jónsson frá Sleðbrjót þýddi.

Pokan leið hægt að landinu utan af hafinu. Hún varð altaf þykkri og þykkri. Það sá síðast að eins glitta í gegnum hana í reykháfinn á eimskipinu, er bringdi í sífelli klukkunni.

Fyrir ofan þokubeltið skein sólin í heiði, og himininn var heiður og blár. Það var fagur sumarmorgun. Fjörðurinn er skarst inn á milli hárra fjalla, lá logndauður. Þar var hver smáeyjan við aðra og þær yztu við fjarðarmynnið voru hvítar af sífeldum öldubvotti, þegar hafið var í uppnámi.

Yzt í skerjaklasanum var Fjáreyjan. Hún var|skógi vaxin og hafði frá ómunatið verið höfð til beitar fyrir útigangsfé. Af því dró hún nafnið. Fyrir utan, á yzta oddanum, var vitinn, skamt þar frá við vík nokkra var bústaður vitavarðarins. Lengra inn með víkinni var dálítið hús gráleitt til að sjá. Það var samt ómálað og hafði fiskimaður nokkur bygt það fyrir 10—12 árum. Hann hafði svo druknað í sjónum og ekkjan selt hús-ið presti, er hniginn var að aldri, og vildi helst búa á afskektum stað við hafið, vegna heilsunnar, að sagt var.

Vitavörðurinn var gamall skipstjóri og hafði í æsku verið kunningi séra Holts. Hann sagði að prestur hefði einhvern-tíma verið svo út á þekju, að hann hefði farið ranglega með sakramentið. Aðrir sögðu að prestur hefði slept sjálfviljugur embætti og hefði eftirlaun. Hann hefði fundið það, að samvizka sín og „hinn eini sáluhjálplegi lærdómur“ hefðu eigi verið í samræmi. Hann væri einn af þeim fáu, sem ekki hefði getað haft samvizkuna og „hinn sáluhjálplega lærdóm“ sitt í hvor-um hempuasa að grípa til „eftir atvikum“.

Hið sanna var, að séra Holt hafði orðið að þola harma mikla meðan hann var í blóma lífsins. Um fertugt hafði hann orðið að sjá á bak ástúðlegri konu. Einkasonur hans hafði ráð-ið sér bana ári síðar, í það mund sem hann áttiað leysa af